

EM Orka ehf.

Suðurvangur 19b, Hafnarfjörður

E: rr@emp.group

T: +354.899.0952



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Nefnardsvið Alþingis

bt. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

14.03.2023

Efni: Umsögn EM Orku ehf við máli nr. 26 – “Tillaga til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu.”

Í tillögunni segir að: „Markmið þessarar tillögu er að tryggja með lögum að greitt sé fyrir nýtingu á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Mikilvægt er að slíkt gjald endurspegli umhverfisáhrif, sé háð vöktun, ítarlegum rannsóknum og mælingum á virkjanasvæðum.“ Framkvæmdaraðilar greiða nú þegar fyrir umfangsmiklar rannsóknir á umhverfisáhrifum virkjana. Með því að gera vind að þjóðarauðlind myndu vindorkuframleiðendur vera þeir einu sem skapa tekjur fyrir Rammaáætlun, sem er það sem þessari tillögu er ætlað að gera. Erfitt er að skattleggja vind sérstaklega og mismuna þannig fyrirtækjum á samkeppnismarkaði eftir því hvaða orkuvinnsluaðferð þau nota. Best að hafa almennar skattareglur sem gilda um svipaða aðila á sama hátt. Hvernig getur regnvatn og annað vatn sem fellur á eignarland verið háð einkaeignarrétti en ekki vindur sem blæs um landið.

Fjarskiptatíðnir eru ekki augljós hliðstæða við vind. Ákveðin hliðstæða gæti átt sér stað á þá leið að aðeins einum aðila er heimilt að úthluta tiltekinni land undir vindorkuver, eins og aðeins einn útvarpsaðili getur aðeins fengið útsendingar á ákveðinni fjarskiptatíðni. Þar lýkur samlíkingunni. Nýting lands í einkaeigu er á valdi landeiganda svo framarlega sem nýting þess hefur ekki neikvæð áhrif á nágretta hans. Lönd sem eru í einkaeigu eiga ekkert sameiginlegt með tíðnisviðum sem ná yfir mest ef ekki allt landið. Vindur og fjarskiptatíðni er ekki sama eðlis. Nýting vinds á einu svæði útilokar ekki nýtingu vinds á öðru svæði.

Líkindi við fiskveiðar eru heldur ekki góður samanburður. Allar veiðar eru stundaðar á svæðum í eigu ríkisins og eðli veiðanna er að auðlindin getur ofveiðst og hún rýrnað eða eyðst. Hvað það varðar þá er sanngjarnt að ríkisvaldið stjórni og rannsaki fiskistofninum og að einkafyrirtæki greiði fyrir það.

Þessi tillaga gæti fallið vel inn í umræðuna um vind á hafi þar sem öll hafsvæði eru í ríkiseigu og því mætti vel ræða hverjir geti stundað hvers kyns starfsemi þar en þessari tillögu er beint að vindorku á landi í einkaeigu og á því. Umræður um vindorku á hafinu tefja eingöngu fyrir því að sátt um lagasetningu um vindorku á land. Þetta tvennt er svo ólíks eðlis að því ætti ekki að blanda saman.

Í tillögunni segir einnig: „Varðandi landnotkun og gjaldtöku auðlinda er rétt að vísa til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 20. apríl 2016 um að frjáls afnot af landi og auðlindum í eigu hins opinbera teljist ríkisstj. aðstoð og er í andstöðu við EES-samninginn“ Ef við treystum á ákvörðun EFTA verðum við líka að taka tillit til þess hvernig þau EES-ríki sem við veljum að einbeita okkur að meðhöndla vindinn sem auðlind í eigu þjóðarinnar. Engin EES-ríki, né önnur lönd yfir höfuð, telja vind yfir einkaland vera sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar og því er ekki hægt að sjá hvernig hægt er að nota þennan úrskurð til að réttlæta þessa tillögu.

Rétta leiðin til að fá tekjur af notkun vinds á land í einkaeigu er að skattleggja hagnaðinn. EM Orka er eindreginn stuðningsmaður þess að sveitarfélög fái stærri hluta af þeim hagnaði. Umhverfi orkuviðnaðar þarf að vera þannig að það dragi ekki af nýfjárfestingum í grænni orkuframleiðslu á sama tíma og samfélagið á að njóta hlutdeildar í hagnaðinum.

Óháð skatttekjum mun EM Orka stofna samfélagssjóð sem þjónar nærsamfélaginu í grennd við Garpsdal. Umsækjendur geta sótt um styrk fyrir verkefni sem tengjast heilsugæslu, menntun, uppbyggingu innviða, sjálfbærni eða nýsköpun. Þannig mun fólk nálægt vindorkuveri hafa meira að segja um hvernig peningum er varið í samfélaginu. Samfélagssjóður fylgir og mun fylgja öllum verkefnum EM Orku og móðurfélags þess. Við hvetjum þessa aðra til að fylgja í kjölfarið og völdum því að ganga á undan með góðu fordæmi.

Ríkarður Örn Ragnarsson

Verkefnastjóri yfir vindorkugarði í Garpsdal.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. mars 2023

E-2023-075/00.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dagsett 3. mars 2023, um tillögu til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu, 26. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér þingsályktunartillöguna og þakkar tækifærið til umsagnar.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að „[s]érstök lög verða sett um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Áhersla verður lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi. Mikilvægt er að breið sátt ríki um uppbyggingu slíkra vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Í því samhengi verður tekin afstaða til gjaldtöku fyrir slíka nýtingu.“

Í júlí 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfshóp sem vinnur nú að því skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um hvernig framangreindum markmiðum verði náð. Í framhaldi af þeirri vinnu er starfshópnum síðan ætlað að vinna drög að lagafrumvarpi um efnið. Upphaflega var farið fram á að starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 1. febrúar 2023 en starfshópnum hefur verið veittur frestur.

Landsvirkjun fagnar allri umræðu um skilvirkt regluverk er varðar vindorku. Landsvirkjun telur mikilvægt að sem breiðust sátt ríki um uppbyggingu vindorku, að tekið sé tillit til ólíkra hagaðila og að fjárhagslegum ávinningi sé skipt með sanngjörnum hætti. Hvað varðar þingsályktunartillögu þá sem hér er til umræðu er fyrirtækið þó þeirrar skoðunar að best fari á því að gefa áður nefndum starfshóp rými til að skila af sér heildstæðri greiningu á viðfangsefninu áður en fyrirtækið tekur efnislega afstöðu til einstakra þátta sem lýst er í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 15. Mars 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldtöku af nýtingu á vindi, 26. mál

Stjórn Landverndar tekur heilshugar undir tillögu til þingsályktunar um að auðlindagjald verði sett á öll vindorkuver sem nýta auðlindir þjóðarinnar, land og vind. Það verður eftirtekt að þessi tillaga er lögð fram á sama tíma og starfshópur URN um vindorku er enn að störfum.

Rétt er að minna á að í álitserð Auðlindanefndar¹ eru tilgreind þrenns konar rök fyrir auðlindagjaldi. Í fyrsta lagi að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af rannsóknum á og eftirliti með nýtingu auðlindanna. Í öðru lagi sé henni ætlað að tryggja þjóðinni sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar. Í þriðja lagi er um að ræða leiðréttandi skatta og uppbætur (svokallaða græna skatta) til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlindanna.

Auðlindagjald af vindorkuverum er í samræmi við almenna afstöðu Landverndar til auðlindagjalds og stjórnin bendir á fyrri umsagnir sínar um nauðsyn þess að ákvæði um auðlindir þjóðarinnar í tillögu að stjórnarskrá verði innleidd og það tryggt að tekjur af nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar komi samfélaginu til góða með réttlátri skiptingu² sem og um skyldu stjórnvalda til að vernda náttúru og auðlindir Íslands.

Það verður athygli stjórnar Landverndar að hér er lögð fram þingsályktunartillaga. Alþingi fer með löggjafarvaldið og því hefði mátt vænta að þingmenn hefðu sjálfir tekið beint frumkvæði í málinu með því að leggja fram lagafrumvarp. Allar forsendur og útfærslur eru nokkuð vel rökstuddar í margumtalaðri skýrslu Auðlindanefndar sem kom fram um síðust aldamót. Að setja beint fram lagafrumvarp hefði veitt færi á því að koma gjaldinu mun fyrir á en mörg áform um vindorku eru langt á veg komin og mikilvægt að skýrt sé að gjaldið hafi verið sett á áður en þau

¹ https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Audlindir/Skyrslur-95-04/2000_Sk%C3%BDrsla%20au%C3%B0lindanefndar.pdf

² [Umsagnir Landverndar um breytingar á stjórnarskrá - Landvernd](#)
[Tillaga um ákvæði varðandi náttúruvernd í stjórnarskránni - landvernd.is](#)



rísa. Tillaga til þingsályktunar þar sem umhverfisráðherra er falið að vinna að innleiðingu er mun tímafreakara ferli og mikil óvissa um árangur.

Að lokum leggur stjórn Landverndar til að bætt verði við tillöguna ákvæði sem tæki af allan vafa um að Alþingi telji að umfjöllun um áform um vindorkuver eigi skilyrðislaust heima í rammaáætlun³.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

³ [Vindorkuver eiga heima í rammaáætlun \(landvernd.is\)](http://landvernd.is)
[Vindorkuver heyra undir rammaáætlun - sem betur fer! - Vísir \(visir.is\)](http://visir.is)